



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 20.apríl 2020

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

20. apríl 2020, haldinn í Miklagarði kl. 13:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Lárus Ármannsson, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Ingólfur Arason og Ingólfur Daði Jónsson.

Einnig sátu fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, starfandi sveitarstjóri, er ritaði fundargerð og Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Skjaldþingsstaðir – umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá

Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá frá þinglýstum eiganda, Geirmundi Vikari Jónssyni, kt. 010990-2549. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir umsóknina samhljóða.

1. Ytri hlíð – kynning

Nefndin lýsir ánægju sinni með erindið en í ljósi þess hvað framkvæmdin er umfangsmikil og um er að ræða veglagningu, efnistöku, vatnsöflun, lagningu jarðstrengs og byggingu allt að 950 m² á 4 ha svæði og nokkur hús þá leggur skipulags- og umhverfisnefnd til við sveitarstjórn að unnin verði breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag unnið fyrir þessa framkvæmd. Samþykkt samhljóða.

1. Umsókn um niðurrif á Hafnarbyggð 16

Brim er með samþykkt kautilboð í Hafnarbyggð 16 með þeim fyrirvara að fyrirtækið fái leyfi til að rífa húsið. Miklar umræður voru um erindið og þar komu fram skiptar skoðanir. Meirihluti nefndarinnar vill samþykkja erindið. Sigríður Elva Konráðsdóttir kom með eftirfarandi bókun: „Í greinargerð fyrir deiliskipulagi hafnarsvæðisins er gert ráð fyrir að þetta hús sé verndað samkvæmt skilgreiningu hverfisverndar í skipulagsreglugerð 90/2013. Rafstöðin við Hafnarbyggð er frá 1960 og eftir Sigvalda Thordarson arkitekt (1911-1964). Stíleinkenni hússins eru dæmigerð fyrir verk Sigvalda. Ber þar sérstaklega að nefna litavalið. Ástand hússins er ábótavant og er þakkanturinn, sem er ekki upprunalegur, verulegt lýti á húsinu. Markmiðið ætti að vera að færa húsið í upprunalegt horf því húsið hefur mikið verndargildi.“ Erindinu er vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

1. Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, Aðalskipulagsbreyting – fuglaskoðunarhús, landbúnaðarsvæði – fjöldi frístundahúsa á jörðum og hverfisvernd á miðsvæði kaupsins.

Frestur til að skila athugasemdum og umsögnum um tillöguna er liðinn. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Fljótshéraði, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Minjastofnun Íslands. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tekið verði tillit til athugasemda sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar varðandi votlendi við Nýpslón og skilmálar skipulagstillögunar verði skýrir varðandi það að skipulagstillagan raski ekki votlendi á þessu svæði. Varðandi umsagnir Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar um uppbyggingu frístundabyggðar í dreifbýli leggur nefndin til að fresta þessari breytingu og vísa henni til endurskoðunar aðalskipulags sem þegar er í vinnslu. Samþykkt samhljóða.

1. Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2020, þverá og strenglögn á Hellisheiði.

Frestur til að skila athugasemdum og umsögnum um skipulagslýsinguna er liðinn. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Norðurþingi, Umhverfisstofnun, HAUST, Fljótsdalshéraði, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að vísa umsögnunum til skipulagsráðgjafa við gerð tillögu.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 14:16.